

Áfangalýsing

Titill	Hársnyrting 2
Námsgrein	Hársnyrting
Viðfangsefni	
Skammstöfun	HSNY2HG04
Staða	
Þrep	2
Einingafjöldi	4
Tillaga að bókstöfum eða tölustöfum skóla	HSNY2HG04
Lýsing	Nemandinn fær þjálfun í klippingum á æfingahöfði, öðlast grunnþekkingu á formklippingu og aukna þekkingu á jafnsíðu formi og fláa ásamt því að læra þynningu og grunnformin auknar og jafnar stytur. Kynnt er vinna með klippivélum með mismunandi kömbum og mismunandi aðferðir við þynningu í hári. Nemandinn dýpkar skilning sinn og færni í gerð verklýsinga og nýtingu þeirra. Nemandinn æfist í að bera lit í hár og kynnist ólíkum aðferðum við litatækni s.s. partalitun og mismunandi stríputækni. Dýpkaður skilningur á gerð og nýtingu litaverklýsinga. Unnið er með hártoppa og æfingahöfuð.
Forkröfur	HSNY1HG04
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • ýmsum hugtökum sem tengjast klippingum. • notkun og umhirðu klippivéla. • notkun og gerð verklýsinga. • a.m.k. þremur tegundum hárlitunarefna. • notkun litaspjalda. • mismunandi gerðum lita s.s. varanlegum og hálfvaranlegum. • gerð verklýsinga. • mismunandi þekju og virkni lita.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • klippa hnakka og hliðartopp snöggst með vél og skærum. • klippa formklippingu á æfingahöfði samkvæmt kennslukerfi. • klippa sítt og stutt hár samkvæmt verklýsingu á æfingahöfði. • gera verklýsingar fyrir síðar og stuttar klippingar • greina náttúrulit út frá litaspjaldi, velja og blanda hárlit samkvæmt því. • bera lit/skol í heilt höfuð. • framkvæma mismunandi gerðir strípulitana
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • beita greiðum, skærum, þynningarskærum, hnífum og klippivél með skiptanlegum kömbum. • gera verklýsingar. • geta séð fyrir sér form í klippingum. • velja og bera lit í hár. • velja mismunandi tækni til litunnar. • velja mismunandi styrkleika/þekju litar. • fara eftir þar til gerðum verklýsingum um lit

Námsmat	Símat
Útgáfunúmer	
Skólar	
Fyrirmynd	